

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði mánudaginn 5. jan. 2015 kl. 20:00. Fundur, nr. 745  
Mætt eru: Bjarnveig, Edda Kamilla, Einar, Guðrún, Sigrún, Sigurður,  
Þorgerður, Þorsteinn

- 1) Bjarnveig setti fund kl. 20:00
- 2) Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt með áorðnum breytingum
- 3) Innsend bréf.
  - a) Bréf dagsett, 10. des. frá UMFÍ: Auglýst er eftir framkvæmdaraðilum að Landsmóti UMFÍ 2017. Lagt fram til kynningar. Bjarnveig tekur að sér að hafa samband við UFA og kannar áhuga á samstarfi um að halda Landsmót UMFÍ 2017.
  - b) Bréf dagsett 10. des. frá KSÍ: Boð á Knattspyrnuþing KSÍ sem fram fer í Reykjavík 17. janúar 2015. Lagt fram til kynningar.
  - c) Bréf dagsett 12. des. frá UMFÍ: Þar koma fram ályktanir frá 39. Sambandsráðsfundar UMFÍ, sem haldinn var 15 október 2014. Lagt fram til kynningar.
  - d) Bréf dagsett 15. des. frá ÍSÍ: Þar kemur fram að opnað hefur verið fyrir umsóknarsvæði ferðsjóðs ÍSÍ. Lagt fram til kynningar. Frestur til að sækja um styrk í ferðasjóðinn rennur út 12. janúar 2015.
  - e) Bréf dagsett 18. des. Frá UMFÍ: Þar kemur fram að ráðstefna um ungt fólk og lýðræði verði haldin 25.-26. mars 2015 í Stykkishólmi. Lagt fram til kynningar
  - f) Bréf dagsett 22. des. Frá KSÍ: Boð á 69. ársþingi KSÍ. Lagt fram til kynningar.
  - g) Bréf dagsett 29. des. frá Hörgársveit: Þar er tilkynnt er um að sveitarfélagið styrki rekstur UMSE um 200.000.- árið 2015. Lagt fram til kynningar.
- 4) Íþróttamaður UMSE 2014
  - a) Ákveðið að útnefna íþróttamann ársins 22. janúar 2015. að Rimum í Dalvíkurbyggð kl: 18:00. Einar sér um að útvega húsnæði að Rimum ásamt að hafa samband við kvenfélagið í Svarfaðardal vegna veitinga sem boðið verður uppá.
  - b) Verðlaun
    - i) Ákveðið að afhenda verlaunahöfum snyrtiveski og blóm.
    - ii) Verðlaunagripir vegna kjörs á íþróttamanni ársins eru tilbúnir.
  - c) Framkvæmdastjóri sér um að senda verðlaunahöfum bréf.
  - d) Framkvæmdastjóri sér um að sækja um styrk til Dalvíkurbyggðar vegna þess kostnaðar sem tilfellur vegna kjörs á íþróttamanni ársins.
  - e) Farið var yfir reglugerð sem snýr að útnefningu á íþróttamanni ársins. 11 tilnefningar hafa borist vegna kjörs á íþróttamanni ársins. Lagðar fram til kynningar.
- 5) Farið yfir drög að skýrslu sem framkvæmdastjóri og stjórn hafa unnið að vegna stefnumótunar UMSE. Gerðar athugasemdir og komið með tillögur um það sem betur mætti fara hvað varðar hlutverk og markmið UMSE.
- 6) Formannafundur UMSE ákveðinn 29. janúar 2015. kl. 18:00 í Búgarði. Framkvæmdastjóra falið að panta veitingar.

Dagskrá fundarins:

- i. Stefnumótunarskýrsla UMSE verður lögð fyrir fundinn.
- ii. Lottóúthlutun v/2014.
- iii. Skil á ársksýrslum aðildafélaganna
- iv. Önnur mál.

7) Önnur mál.

- a) Þorsteinn sagði frá því að framkvæmdastjóri Bústólpa mun afhenda árlegan styrk, til þess aðildarfélags sem að mati stjórnar hefur skarað framúr í barna og unglingastarfi, eða haft á sínum vegum sérverkefni sem miðar að uppbyggingu og/eða útbreiðslu barna- og unglingasstarfs. Þetta er í samræmi við styrktarsamning Bústólpa við UMSE. Afhending styrksins fer fram um leið og íþróttamaður ársins verður kjörin.
- b) Rætt um fyrirhugað ársþing UMSE. Samþykkt að framkvæmdastóri bjóði Hestamannfélaginu Funa að hafa umsjón með ársþingi UMSE Fyrirhugaður þingdagur er 12 mars 2015.
- c) Aukastjórnarfundur ákveðinn 22. janúar vegna stefnumótunnar skýrslu. Næsti stjórnarfundur ákveðinn 3. febrúar kl. 20:00 í Búgarði. Þorgerður kemur með veitingar.
- d) Fundi slitið 22:03

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

---

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE

---